

36. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um skemmdir á skógi.

1860.
21. júní.

Af bréfi yðar, háæruverðugi herra, dagsettu 23. marzm. þ. á., og fylgiskjöllum þess, er stjórn kirkju- og kennslumálanna orðið það kunnugt, að presturinn á Hallormsstað, Hjálmar Guðmundsson, hefir veturinn 1857—58 nálega gjöreytt skógi þeim, er liggur undir prestssetrið, og að hvorki þér, háæruverðugi herra, nè heldur amtmaðurinn yfir norður- og austur-umdæminu, sem sýslumaður hafði spurt um, hvað gjöra ætti í þessu efni, hafið viljað hafa nein afskipti af máli þessu, er þér, háæruverðugi herra, hugðuð að þetta mál, eins og öll önnur mál, er snerta meðferð á skógunum á Íslandi, væri af stjórninni lagt undir umráð hinna veraldlegu yfirvalda, en amtmaður hinsvegar hélt, að Hallormsstaðar skógur, á sama hátt og aðrar kirknaeignir, hlyti að vera hinum veraldlegu yfirvöldum óviðkomandi, en heyra þar á móti undir yfirstjórn kirkjumála.

Í þessu tilliti skal stjórnin fyrst geta þess, að þareð mál-efni þetta snertir eignir kirkjunnar, heyrir það undir afskipti stiptsyfirvaldanna, en ekki biskups eins. Þvínæst sé yður það til vitundar gefið, að stjórn kirkju- og kennslumálanna hefir í dag skorað á dómsmálastjórnina, að bjóða Havstein amtmanni að láta tafarlaust taka próf til að fá skýrslu um þá hina ólög-mætu meðferð á áðurgreindum skógi, sem Hjálvari presti Guðmundssyni er gefin að sök, og um stærð skemmdanna; hefir og verið mælt til þess, að amtmaður verði látinn senda yður eptirrit af prófinu, með þeim athugasemdum, sem honum þykir ástæða til að bæta við það; en eptir að þér hafið fengið skjöl þessi, eruð þér beðnir að senda þau hingað með álitu yðar og uppástungum um, hvað ráðlegt sé að gjöra frekara við mál þetta. Um leið og stjórnin að síðustu skorar á yður, að bjóða prófasti þeim, er hlut á að máli, að hafa nákvæmar gætur á, að það, sem eptir er af skóginum, verði ekki látið sæta meiri skemmdum en þegar er orðið, þykir ástæða til að benda á, að þér hefðuð átt þegar í stað að hlutast til um, að amtmaðurinn

1860. yfir norður- og austurumdæminu útvegaði yður skýrslu þá, sem
21. júní. að ofan er um getið¹.

22. júní. **37. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um kostnað við að handsama og flytja Guðmund Guðmundsson „kíkir“.**

Þér hafið, herra amtmaður, í bréfi 22. nóvemberm. f. á. beðið um úrskurð dómsmálastjórnarinnar útaf því, að stiptamtmaðurinn yfir Íslandi hafi færzt undan að endurgjalda jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins úr jafnaðarsjóði suðurumdæmisins 9 rdl., er árið 1857 voru greiddir úr hinum fyrnefnda sjóði í þann kostnað, er leiddi af að handsama og flytja heim á leið úr Þingeyjar sýslu Guðmund nokkurn Guðmundsson, að auknefni „kíkir“, er átti heima í suðurumdæminu.

Í þessu efni lætur ekki stjórnin hjá líða að birta yður, að þaræð Guðmundur þessi var handsamaður og sendur úr norðurlandi suður til áttarga sinna, án þess um það hefði komið nein bréfleg beiðni frá yfirvöldunum á suðurlandi, og þér þar á móti höfðuð tekið upp hjá sjálfum yður að láta gjöra þetta, þá getur ekki stjórnin álitit, að jafnaðarsjóði suðurumdæmisins sé skylt að standa kostnað þann, er af því leiddi.

1) Dómsmálastjórnin ritaði amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu 9. dag júlím. 1860 samkvæmt tilmælum kirkju- og kennslustjórnarinnar; í því bréfi er meðal annars svo að orði kveðið, að dómsmálastjórnin álti það vafalaust, að amtmaðurinn ekki aðeins hafi haft heimild til að hafa afskipti af máli þessu, heldur hafi hann jafnvel verið skyldur til þess eptir rentukammerbréfi 30. septembermánaðar 1825; málefnið heyrir reyndar einnig undir yfirstjórn andlegrar stéttar mála, biskup og stiptamtman, en ekki biskup einn, einsog amtmaður virtist að álita, af því það snerti kirkjueign, en með því það og snerti almennan landshag, þá sé það sjálfsgagt, að málefnið að því leyti einnig heyrir undir umráð hinna veraldlegu yfirvalda.